

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um pingsályktun um stofnun lagaskóla. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 12. desbr. f. á., hafið þjer, herra lands- **51**
höfðingi, sent mjer ályktun samþykkt af efri deild alþingis 1891, þar sem **24. maí**
skorað er á stjórnina að leggja fyrir næsta alþing frumvarp til laga um stofn-
un lagaskóla á Íslandi, og hafið þjer ráðið frá, að ósk sú, sem nefnd þingdeild
þannig hefur komið fram með, sje tekin til greina.

Ráðaneytið fyrir Ísland hlýtur einnig, eins og það opt áður hefur látið
í ljósi, enn að álita slíkt fyrirkomulag sem það, er hjer er um að ræða, allsend-
is óráðlegt, og með því að jeg, að því er snertir ástæðurnar fyrir þessari skoð-
un, einnig get aðhyllt það, sem þjer takið fram í ofan nefndu brjefi yðar, þá
skal jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður að gjöra þetta kunnugt al-
menningi með því að birta brjef yðar í sambandi við þetta brjef í B.-deild
stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til ráðgjafans hljóðar þannig: — Á síðasta alþingi
var í neðri deild borið upp og samþykkt frumvarp til laga um stofnun háskóla
á Íslandi, sem í öllu verulegu var samhljóða frumvarpi því til laga um stofn-
un landsskóla, sem samþykkt var á alþingi 1883, sbr. brjef hins háa ráðaneyt-
is 31. maí 1884. Þetta frumvarp, er samþykkt var í neðri deild, var felld í
efri deildinni, en í stað þess samþykkti deildin ályktan þá, er hjer með fylgir
bæði í frumriti og danskri þýðingu, og skorar hún þar á landstjórnina að
leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Samkvæmt þessu hefur þannig neðri deild lýst yfir þeim vilja sínum,
að háskóli verði stofnaður á Íslandi, og efri deild af sinni hálfu, að hún vilji
að lagaskóli sje stofnaður, en ekki háskóli. Um það, hvort neðri deild mundi
vilja falla frá kröfu sinni um, að háskóli sje stofnaður, og láta sjer nægja
lagaskóla, ef lagafrumvarp í þá átt væri lagt fyrir þingið, er ekki fram kom-
in nein yfirlýsing frá nefndri þingdeild, og það er því vafasamt, hvernig sú
deild mundi taka slíku lagafrumvarpi. En þótt áskorun um, að lagt sje fyrir
þingið lagafrumvarp um stofnun lagaskóla hjer á landi sje að eins komin frá
efri deild þingsins, væri þó að mínu áliti ástæða til að verða við áskoraninni,
svo framarlega sem sýnt yrði, að slík stofnun væri nauðsynleg eða að minsta
kosti að gagn það, sem vænta mætti af henni, mundi verða í viðunarlegu hlut-
falli við kostnaðinn, sem hún hlyti að hafa í för með sjer, og sem naumast má
gera ráð fyrir minni en 10,000 kr. á ári.

Það verður ekki ályktað neitt um þetta af hinum 2 æðri kennslu-
stofnunum, sem þegar eru á fót komnar hjer á landi, prestaskólanum og
læknaskólanum. Hin fyrrnefnda af þessum stofnunum, prestaskólinn, kom ekki
í staðinn fyrir æðri kennslustofnun, að því er snertir fræðslu prestaefna, því
að áður en hann var stofnaður höfðu þeir, er útskrifaðir voru frá latinuskól-
anum, haft aðgang til prestakalla hjer á landi án annarar menntunar í guð-
fræði en þeirrar kennslu, er hafði verið veitt í trúfræði í latinuskólanum.
Stofnun prestaskólans var því mikil framför, að því er snertir vísindalega fræðslu

7. dag júlímán. 1893.

51 andlegrar stjettar embættismanna. Að vísu verður ekki hið sama sagt um **24. maí.** lækna skólann, en af því að það hafði reynzt ómögulegt að fá hin launaryru læknaembætti skipuð kandidateitum í læknisfræði frá háskólanum, var það nauðsynlegt, sjerstaklega eptir að læknaembættum hafði verið fjölgað verulega með lögum 15. okt. 1875, að gjöra minni kröfur til þeirrar menntunar, er skilyrði væri fyrir því, að verða skipaður í lækisembætti, og stofna skóla hjer á landi til þess að kenna læknefnum, en þó var ákveðið, að burtfararpróf frá þeim skóla ekki skyldi veita aðgang til læknisembættis nema því að eins, að hlutaðeigandi hefði verið fyrirskipaðan námstíma á fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn, og um tiltekiun tíma gengið þar á spítala.

Það er ekki unnt að sýna fram á neina tilsvorandi þörf á stofnun lagaskóla hjer á landi, því að slíkur skóli mundi ekki hafa í för með sjer neinar framfarir með tilliti til vísindalegrar fræðslu lögfræðislegra embættismanna, og hingað til hefur ekki verið hörgull á kandidateitum, er numið hafa við háskólan í Kaupmannahöfn, í þau lögfræðislegu embætti, er losnað hafa hjer á landi, og eru ekki líkur til, að hörgull muni verða á þeim fyrst um sinn.

Því hefur verið haldið fram til styrktar þeirri skoðun, að landinu sje þörf á lagaskóla, að við Kaupmannahafnar háskóla sje að eins kennd dönsk löggjöf en ekki íslenzk löggjöf, og að þá menn, sem þaðan eru útskrifaðir, vanti því þá þekkingu, sem nauðsynleg sje til þess að takast á hendur lögfræðisembætti hjer á landi; en við þetta er það að athuga, að í fyrsta lagi er hin íslenzka löggjöf í öllu verulegu samkvæm hinnu dönsku löggjöf og er í öllu falli byggð á sömu grundvallarreglum, og í öðru lagi stefnir lögfræðisnámið við háskólan — og hið sama mundi að líkindum verða við lagaskóla hjer á landi — fremur að því, að veita nemendum almenna lögfræðislega menntun, en verklega að ala þá upp sem embættismannaefni, svo að lögfræðiskandidat frá háskólanum fær þar eins góðan undirbúning til að verða embættismaður á Íslandi eins og í Danmörku. Loks verður og að taka tillit til þeirra almennt menntandi áhrifa og þess tækifæris til að afla sjer fjölbreyttrar þekkingar, sem dvölin í höfuðstað, sem er eins auðugur að öllum stofnunum og tilfærum, er andann mega mennta, veitir.

Auk þess sem því, samkvæmt því sem að framan er ritað, fer svo fjarri, að stofnun lagaskóla hjer á landi geti álitizt nauðsynleg eða gagnleg, að slík stofnun þvert á móti mundi hafa í för með sjer apturför í vísindalegu tilliti, eru einnig, ef til kæmi, verulegir agnúar á framkvæmdinni, eptir því sem nú stendur á, með því að ekki eru neinar líkur til, að þeir námsmenn, er lærðu á hinum fyrirhugaða skóla, gætu fyrst um sinn fengið stöðu í neinu lögfræðislegu embætti hjer á landi, og eru því engin líkindi til, að neindir stúdentar mundu sækja slíkan skóla, með því að mennu eru ekki svo efnum búnir hjer í landi, að þeir geti gefið sig að námi eingöngu vísindanna vegna, án þess að geta átt von á að komast með því í launaða stöðu. Jeg skal í því tilliti benda á, að nú sem stendur eru 4 íslenzkir kandidateitar í lögfræði, sem ekki hafa getað komist að í launaðri stöðu, að búast má við, að á næstu

tveim árum taki að minnsta kosti 6 íslendingar próf í lögum við háskólann, og **51**
 að auk þess eru 15 íslenskir stúdentar að lesa lögfræði við háskólann. Þegar **24. maí.**
 svo þess er gætt, að ekki eru nema 26 launuð embætti og sýslanir hjer á
 landi, sem lögfræðispróf útheimtist til, virðist það liggja í augum uppi, að það
 eru alls ekki glæsilegar horfur fyrir kandidat frá lagaskóla hjer á landi til
 þess að komast í launaða stöðu. Í þessu tilliti getur læknaskólinn verið til
 samanburðar; hann var allvel sóttur meðan von gat verið til að afloknu prófi
 að fá stöðu, þótt launalítill væri, sem læknir; en hin tvö síðustu ár, eptir að
 læknaembættin eru fullskipuð, hafa engir nýir nemendur komið á skólann.

Sökum þess er jeg þannig hef fram tekið get jeg ekki ráðið til, að
 stjórnin leggi frumvarp til laga um stofnun lagaskóla hjer á landi fyrir alþing
 það, er kemur saman næsta ár.

Reikningur

52.

yfir tekjur og gjöld Möðruvallaklausturskirkju fardaga-árið 1891—92.

30. maí.

Tekjur:

1. Fasteignartíund af 607,8 hndr. 182,34 ál. á 50 ¹ / ₂ eyr.	92 08
2. Lausafjártíund af 417,5 hndr. 125,25 ál. á 51 eyr.	63 88
3. Ljóstollar tals 64 = 256 pd. tölgar á 27 ¹ / ₂ eyr.	70 40
4. Legkaup 4 ¹ / ₂ , hvert 6 ál. = 27 ál. á 51 eyr.	13 77
5. Kirkjugjald af húsum	15 90
6. Ólokin kirkjugjöld frá f. á.	23 86
7. Fyrir muni selda við uppboð	32 51

Alls kr. 312 40

Gjöld:

1. Eyfir messuvín	7 50
2. — kerti til lýsingar	13 00
3. — hirðing og þvott kirkju og skrudá	16 00
4. — ýmsar smá-aðgerðir	9 45
5. — breyting á sæti skólastjóra á Möðruvöllum	121 64
6. — umbúning prjedikunarstóls í kirkjunni	41 55
7. — umbúðir við flutning prjedikunarstólsins	11 84
8. Borgað upp í andvirði prjedikunarstólsins	69 23
9. Fyrir endurskoðun reiknings þessa 3 ál. á 50 ¹ / ₂ eyr.	1 52
10. — 2 ljósahöld úr trje	0 50
11. Ólokin kirkjugjöld fyrir 1891 og 1892	20 17

Alls kr 312 40

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins 30. maí 1893.

J. Havsteen.